

LJÓÐAFLÓÐ!

LJÓÐASAMKEPPNI GRUNNSKÓLANEMA 2024

Úrval ljóða frá yngsta stigi:

Kertaljósið streymir inn
í hjartað mitt
þegar ég er hjartans hlý

Ingibjörg Heimisdóttir, 2. bekk Grunnskóla Borgarfjarðar

Litla systir mín

Litla systir mín falleg og fín.
Glöð hún leikur sér í sparifötunum.
Dönsum við og hlæjum.
En þegar við förum að sofa knúsumst við og kyssumst.
Að hugsa sér.
Þetta er litla systir mín.

Kolfinna Z. Friðudóttir, 9 ára í Grunnskólanum í Hveragerði

Nestisferð

Ég sé grænan mosa, steina, eld og grenitré.
Ég heyri í vindi. Bílar í fjarska, snark í eldi, ýmislegt talað, blaðrað og sagt.
Ég finn lykt af jörðinni, eldinum, greni, bananahýði og epli.
Ég finn hvað mosinn er mjúkur. Heitur eldur, köld og blaut jörð.
Verst er að hlaupa og detta á stein.
Þegar maður grætur og einhver hlær.
Að fá ekki að vera með í leik.
Best er að leika, hlæja, vera með vinum að skemmta sér og borða sparinesti,
pizzu og pestó á brauðsneið.

Nemendur í 1. og 2. bekk Waldorfskólans í Lækjarbotnum

Póra og Dóra

Í garði græs gras,
vinkonur voru með mikið mas.
Rólur og rennibrautir
og alls konar snúsnú þrautir.
Ég gróf holu þar,
holan var stór
en dálítið eins og skór.
Himinninn var blár
og steinninn grár.
Vinkonur eru góðar
en dálitlir sóðar.

Sara Sól Ragnarsdóttir, 4. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Kennarinn minn

Christiane er kennarinn minn.
Er hún kannski líka þinn?
Hún er ekki verst,
hún er best.

Hún kom frá Þýskalandi.
Eins gott, því hún er ómissandi.
Takk fyrir að kenna mér,
Ég á margt að launa þér.

Andrea Helga Sævarsdóttir, 4. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar.

Exi Lexi

Ég er Exi Lexi.
Ég er líka skrímsli.
Hrifinn er að mannfólks kexi
sem smakkast eins og afi Gíslí.

Arnar Nökkvi Sæþórsson, 2. bekk Reykhólaskóla

Beini

Ég heiti Beini.
og ég er flottur strákur.
Ég ligg stundum í leyni.
Ég er ekki neinn snákur.

Elmar Bachmann Styrmisson, 2. bekk Reykhólaskóla

Mía

Ég heiti Mía álfur.
Ég kann að fljúga.
Sprotinn minn er hálfur.
Hamsturinn minn heitir Ljúga.

Aleksandra Ósk Kowalczyk, 2. bekk Reykhólaskóla

Zorro

Zorro ég heiti.
Ég er mikil hetja hér
þó hermenn mín leiti.
Eftirlýstur ég er.

Katrín Ebba Hrefnudóttir Thorsteinsen, 2. bekk Reykhólaskóla

Sól

Ég er Sól.
Ég er draugur
Ég vil ekki fara í ból.
Ég er enginn haugur.

Hekla Jonný Eyvindsdóttir 2. bekk, Reykhólaskóla

Nótt

Ég heiti Nótt
og er hvítur draugur.
Ég hef enga sótt,
minn er flottur baugur.

Inga Guðrún Guðmundsdóttir, 3. bekk Reykhólaskóla

Wednesday

Ég heiti Wednesday.
Gæludýrið mitt er Hönd.
Blóðugt auga, vei vei!
Ég fer ekki á sólarströnd.

Hrafnhildur Freyja Arnarsdóttir, 3. bekk Reykhólaskóla

Drakúla

Ég heiti Drakúla
og ég er vampíra.
Ég er gömul eins og súla.
Mín leðurblaka heitir Týra.

Sólveig Sigurrós Sæþórsdóttir 4. bekk Reykhólaskóla

Elsa

Ég heiti Elsa.
Ég fór í leikhús.
Ég sá marga pelsa,
engan með lús.

Anastazja Líf Kowalczyk, 1. bekk Reykhólaskóla
